



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

84.fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 24.jan.1984 kl.5 e.h. Fund sóttu: Ingólfur Halldórsson, sem gegnir starfi skólameistara, Gunnar Sveinsson, form.skólanefndar, Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingimundur Guðnason, Eggert Ólafsson, Þórður Ólafsson (Sandgerði), Hjálmar Árnason kennari, Gísli Torfason, fulltrúi kennara, Valtýr Guðjónsson ritari.

Auk þess kom Gunnar Þórarinnsson kennari undir liðnum "tölvumál." Þetta gerðist:

1. Formaður skólanefndar vitnaði til bréfs Menntamálaráðuneytis frá 16.des.sl., þar sem leyfi Jóns Böðvarssonar frá störfum í janúar '84 er staðfest og síðan áforma um framhaldsleyfi hans í júní-ág.n.k., að fengnum nánari upplýsingum. Skólanefnd hefur, skv.síðustu fundargerð ályktað að Ingólfur Halldórsson gegni störfum Jóns Böðvarssonar meðan á leyfi hans stendur, og að Hjálmar Árnason deildarstjóri taki að sér störf aðstoðar-skólameistara.

2. Skólameistari vitnaði til fundargerðar frá 10.des.sl. þar sem lögð var áhersla á að framboð kennslumagns árið 1984 verði í samræmi við fjárlög 1984. Í upplýsingum hans, um kennslustunda fjölda og áætlun á vorönn 1984, kom fram að fulltrúi í Menntamálaráðuneyti hefur áætlað 1113 kennslustundir á viku. Á sþðasta ári voru þær hinsvegar 1180 (haustönn). Eftir yfirferð skólameistara með tilkjörinni nefnd (sbr.fundargerð 10.des.sl.) sem ætlað var að gera tillögur um nokkurn samdrátt í kennslumagni til að halda því "innan ramma fjárlaga" urðu niðurstöður þær að leggja skuli til grundvallar 1100 kennslustundir á viku. Í hlut ráðuneytis kæmi þá að greiða fyrstu 6 mánuði ársins:

a: Föst laun kennara	mm launat.gjöldum	kr.4.132.000
b: yfirvinna	" " "	" 2.180.000
c: öldungadeild, flugbr., heimavinna ofl.	"	610.000
d. hluti launa starfsfólks skólans	"	410.000 = 7.332 þús.

Frumvarp til fjárlaga fyrir 3.umræðu gerði ráð fyrir að varið yrði til skólans í þessa liði allt árið kr.14.732.000

Lagðir eru til grundvallar þegar skráðir launaflokkar kennara. Skólanefnd taldi þessar niðurstöður viðunandi, miðað við þau sjónarmið sem að framan greinir, og væntir þess að

ekkídragi úr námsmöguleikum nemenda við þetta.

3. Hjálmar Árnason upplýsti, að á almennum fundi kennara skólans 5. jan sl. og síðan á fundi "skólastjórnenda" 12. sama mánaðar, hefði verið rætt um nauðsyn þess að efla tengsl F.S. við atvinnulífið. Af þessu tilefni hefur Verslunarmannafél. Suðurnesja þegar verið skrifað og fulltrúum þaðan boðið til viðræðna um skipulag og inntak væntanlegs samstarfs, t.d. í formi námskeiða. Til umræðna hafa þeir valið tvo menn. Hjálmar benti á að fleiri aðilar vinnumarkaðarins þyrftu að sjálfsögðu að koma til, stéttarfélög og atvinnurekendur, en fundur með framangreindum aðilum gæti orðið stefnumarkandi. Þá varpaði Hjálmar fram þeirri hugmynd hvort F.S. gæti staðið fyrir námskeiðshaldi óbundnu hinum almennu atvinnugreinum, t.d. ýmiskonar smíðum, saumaskap, sérréttarfögum, skattskýrslugerð ofl. Athuga þarf gaumgæfilega rekstursgrundvöll og fyrirkomulag, og vilja rekstraraðila skólans í þessu sambandi, svo sem sveitarfélaga og ríkis.

Þá flutti Hjálmar eftirfarandi "drög að álitssgerð vegna sameiginlegs tölvuvers skóla á Suðurnesjum:"

"Á síðustu misserum hafa tölvur og búnaður þeirra rutt sér æfrekara til rúms á flestum sviðum. Mað sanni má segja að tölvuöld sé gengin í garð. Sé skyggst ögn til framtíðar má telja sennilegt að tölvunotkun eigi eftir að marka djúp spor í störf og leik manna. Séu þessar og á móta hugmyndir skoðaðar í ljósi þess hluverks sem skólum er ætlað að gegna gagnvart vaxandi kynslóðum, hlýtur niðurstaðan að verða sú að skólum ber ríka nauðsyn til að hefja hið fyrsta einhverja kennslu í tölvunotkun. Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur reyndar þegar hafið tölvukennslu þó í litlum mæli sé og nú hillir undir að grunnskólar hefji svipað starf. Ljóst er að stofnbúnaður vegna tölvukennslu er fjárfrekur, og sýnt að hverjum skóla mun reynast örðugt að koma sér upp fullnægjandi búnaði. Á hinn bóginn hníga ýmis rök í þá veru að samstarf skóla á Suðurnesjum um sameiginlegt tölvuver geti leyst verulegan vanda. Nefna má:

1. Sameiginlegt átak skólanna um byggingu tölvuvers yrði nokkrú ódýrara heldur en tölvuver í hverjum skóla.
2. Dýr tæki nýttust betur en ella.
3. Hver skóli ætti aðgang að fleiri tækjum.
4. Tölvukennsla skólanna yrði sambærileg, og tengsl grunnskólanna, t.d. við F.S., yrðu tryggð.

5. Sameiginlegt tölvuver opnar möguleika fyrir sérfræðilegri umsjá eins aðila er ætti þess kost að fylgjast með nýjungum.
6. Skólarnir gætu staðið að sameiginlegu gagnakerfi fyrir daglegan rekstur.

Tína mætti til fleiri rök, en ofantalin atriði ættu að nægja sem grundvöllur fyrir viðræðum fulltrúa skólanna af Suðurnesjum um sameiginlegt tölvuver. Ekki er óeðlilegt að slíkur viðæðuhópur kalli sér til aðstoðar tölvusérfræðing og taki með honum saman valkosti til nánari ákvörðunar. - Reynist grundvöllur fyrir sameiginlegu tölvuveri skólanna kæmi og til greina að leita hófanna meðal samtaka og stofnana úr atvinnulífinu um þátttöku þeirra í byggingu og rekstri versins, einkum með hliðsjón af starfsnámi og kvöldnámskeiðum. Með því móti mætti ná enn frekari sparnaði og nýtingu tækjanna, auk þess sem Suðurnesjabúum byðust frekari möguleikar á heppilegu starfsnámi og endurmenntun."

Hjálmar kvaðst þegar hafa farið fram á umræður við forystumenn skóla á Suðurnesjum, og taldi rétt að þeim þreifingum yrði haldið áfram.

Gunnar Þórarinnsson tók í öllum atriðum undir álitsgerð Hjálmars, ræddi og nokkuð um forritagerð, svo og aðrir fundarmenn. Var skólameistara falið að tilnefna af hálfu skólans mann í nefnd um mál þetta, til að kynnast því nánar.

Skólameistari gat þess að í Iðnfræðsluráði hafi farið fram umræður um tölvukennslu iðnnema, og að þar hafi á fundi 11. jan. sl. verið samþykkt svohljóðandi tillaga:

"Fundurinn lýsir yfir stuðningi við meginhugmynd í áfangaskýrslu um sérhæft tölvufræðinám við Iðnskólann í Reykjavík, sem dagsett er 9. júní 1983. Fundurinn telur að efna beri til samráðsfundar fulltrúa atvinnulífs og skólamanna um skipulag tölvukennslu sem fyrst, og óskar samstarfs við stjórn Sambandsbands iðnfræðsluskóla Íslandi um undirbúning slíks fundar."

Þessi samráðsfundur mun þegar hafa verið boðaður 2. febr. n.k. þar sem koma m.a. fræðslunefndir í rafeinda- og rafvirkjun, starfsmenn þeirra nefnda, formenn samtaka áðurnefdra iðngreina, kennarar, formaður skólanefndar Iðnskólans í Reykjavík, stjórnarmenn í Iðnfræðsluráði og Sambands iðnfræðsluskóla á Íslandi.

4. Skólameistari tilkynnti um væntanlegt námskeiðshald á vorönn: a. Námskeið fyrir neta- og veiðarfæravinnu sem hefst 3.febr.n.k., b. námskeið fyrir málara sem hefst síðar. Kennslukráftar hafa verið tryggðir.

5. Önnur mál:

- A. Formaður skólanefndar lagði fram og lýsti bréfi frá S.S.S, dags. 3.jan.sl.þar sem sambandið óskar álits á drögum að samkomulagi við Reykjavíkurborg um námsvistargjöld. Mál þetta hefur áður verið rætt á fundum skólanefndar. Drögunum fylgir fundargerð sambandsins, svo og álitsgerð Jóns Böðvarssonar er hann reit S.S.S. 7/1.'83 að beiðni bæjarstjórans í Keflavík. Afgreiðslu málsins var frestað.
- B. Fulltrúi kennara, Gísli Torfason, fór nokkrum orðum um að því er hann taldi mjög ófullnægjandi búnað skólans í hendur kennara. Benti hann á í því sambandi mikinn skort á bókum, ritföngum, (reglust.og sirklum) og ýmsu fleira sem nauðsynlegt væri að hafa við kennsluna svo sem video og segulbönd. Tók í þessu sambandi nokkra viðmiðun af Fjölbrautaskóla Akraness. Þá flutti hann og eftirfarandi erindi frá kennarafélagi FS, samþykkt á fundi þess 18/1.84:
1. Áskorun til skólanefndar FS:

1. Við skorum á skólayfirvöld að koma til móts við þarfir kennara í hvívetna hvað varðar tækja- og bókakost skólans. Ástandið er óþolandi eins og stendur.
2. Kennarafélagsfundur FS skorar á skólanefnd FS að láta bráðnauðsynleg tækjakaup hafa algeran forgang á fjárhagsáætlun skólans, en láta greiðslur til opinberra aðila, svo sem fyrir síma, rafmagn og hita mæta afgangi. Fundurinn skorar á skólanefndina að fylgja þessari stefnu eftir af fyllstu hörku og láta reyna á það hvort loka verður skólanum vegna vangoldinna reikninga.

Formaður skólanefndar, Halldór og fleiri fóru nokkrum orðum um framanritaðar samþykktir, og töldu þær á margan hátt mjög óviðeigandi. Þrátt fyrir þróngan fjárhag veit nefndin ekki annað, en bókakaup og smátækjakaup ýmiskonar hafi farið fram með eðlilegum hætti, nokkurnveginn innan ramma áætlunar, en kaup á stórtækjum hafa ekki verið samþykkt fyrren fé verður fyrir hendi. Skólanefnd óskar eftir lista yfir það sem talið er vanta.

C. Formaður skólanefndar, Halldór Guðmundsson ofl., lögðu til að Jóni Böðvarssyni yrði greidd ógoldin laun fyrir setu hans í skólanefnd og öðrum nefndum á vegum skólans frá upphafi hans 1976 sem ekki hafa komið til reiknings, allt skv. reikningi er hann leggur fram. Samþ.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson.